

**Nd.**

**226. Frumvarp**

til laga um geldingu hesta og nauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Hesta og naut, sem gelda þarf, skal svæfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutast til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með svæfingarefni (Cloroforn) og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu og afhending svæfingarefnis til geldingamanna. Án sérstaks endurgjalds skal dýralæknum skylt að kenna mönnum innan þeirra umdæmis geldingaraðferðir og meðferð á svæfingarmeðulum.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til rikissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Greinargerð.

Frv. þetta, sem landbúnaðarnefnd Nd. flutti á undanförunum þingum og ýmist hefir dagað uppi eða ekki náð samþykki, er nú enn borið fram fyrir til-mæli Dýraverndunarfélags Íslands og er samhljóða frumvarpinu eins og það var eftir eina umr. í Nd. í fyrra, að öðru leyti en því, að ártalið í 4. gr. er flutt fram um 1 ár.